

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/575****2016/EES/63/20****frá 29. mars 2016**

**um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin  
geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að  
kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað**

*(tilkynnt með númeri C(2016) 1702) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru <sup>(1)</sup>, einkum 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB<sup>(2)</sup> er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.
- 2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma slíkra ákvarðana við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímamann með viðbótartímabilum sem eru ekki lengri en eitt ár.
- 3) Gildistími ákvörðunar 2006/502/EB var framlengdur um eitt ár í senn með (í tímaröð): Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB<sup>(3)</sup> til 11 maí 2008, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB<sup>(4)</sup> til 11 maí 2009, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB<sup>(5)</sup> til 11 maí 2010, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB<sup>(6)</sup> til 11 maí 2011, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/176/ESB<sup>(7)</sup> til 11 maí 2012, framkvæmdarákvörðun

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 98, 14.4.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2016 frá 28. október 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB frá 11. maí 2006 er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.

<sup>(3)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB frá 12. apríl 2007 um breytingu á ákvörðun 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjtið EB L 99, 14.4.2007, bls. 16).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB frá 18. apríl 2008 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjtið EB L 109, 19.4.2008, bls. 40).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB frá 26. mars 2009 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjtið EB L 81, 27.3.2009, bls. 23).

<sup>(6)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB frá 12. mars 2010 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjtið ESB L 67, 17.3.2010, p. 9).

<sup>(7)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/176/ESB frá 21. mars 2011 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjtið ESB L 76, 22.3.2011, bls. 99).

framkvæmdastjórnarinnar 2012/53/ESB<sup>(8)</sup> til 11 maí 2013, framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/113/ESB<sup>(9)</sup> til 11 maí 2014, framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/61/ESB<sup>(10)</sup> til 11 maí 2015, framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/249<sup>(11)</sup> til 11 maí 2016.

- 4) Enn er verið að setja kveikjara, sem eru ekki barnheldir, á markað. Eftir markaðseftirlit ætti að draga enn frekar úr fjölda þeirra vara sem eru á markaðnum.
- 5) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar.
- 6) Því ætti að breyta ákvörðun 2006/502/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2) Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2017.“

##### 2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2016 og birta einstök atriði þessara ráðstafana. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru án tafar.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. mars 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Věra JOUROVÁ

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(8)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/53/ESB frá 27. janúar 2012 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjótið ESB L 27, 31.1.2012, bls. 24).

<sup>(9)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/113/ESB frá 1. mars 2013 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjótið ESB L 61, 5.3.2013, bls. 11).

<sup>(10)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/61/ESB frá 5. febrúar 2014 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjótið ESB L 38, 7.2.2014, bls. 43).

<sup>(11)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/249 frá 10. febrúar 2015 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (Stjótið ESB L 41, 17.2.2015, bls. 41).